

Samþykt

52
23. maí

um

kynbætur hesta í Skagafjarðarsýslu.

Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefir, samkvæmt lögum 11. des. 1891, um samþyktir um kynbætur hesta, og viðaukalögum 11. des. 1901 við nefnd lög, gert eftirfylgjandi samþykt um kynbætur hesta í sýslunni:

1. gr.

Á hausthreppaskilum ár hvert skal hreppstjóri í hverjum hreppi sýslunnar annast um að kosin sje 3—5 manna nefnd, er hafi á hendi stjórn og eftirlit með kynbótum hesta samkvæmt reglum þeim, sem hjer eru settar.

2. gr.

Kosningarrjett í nefnd þessa hefir hver maður í hreppnum, sem náð hefir 20 ára aldri og hross á eða hefir undir hendi, en kjörgengi í nefndina hefir að eins sá, sem ekki er öðrum háður sem hjú, og er hann skyldur að taka móti kosningu 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka móti kosningu jafnlangan tíma.

3. gr.

Kynbótanefndin kys sjer formann, sem kallar fundi saman og stýrir gerð-um nefndarinnar. Nefndin skal eiga með sjer einn aðalfund árlega að haustinu. Hún ræðir þar og tekur ákvarðanir um þau kynbótaatriði, er henni þykja miklu varða og verksvið hennar nær til samkvæmt samþykt þessari, en ber þau síðan fram á almennum hreppsfundi til umræðu og samþyktar.

Aukafundi á nefndin með sér svo oft sem formanni þykir nauðsyn til bera.

Nefndarmenn eiga heimtingu á endurgjaldi úr sveitarsjóði fyrir störf sín, er svári til 2 kr. fyrir hvert fult dagsverk, sem þeir eru að nefndarstörfum frá heimilum sínum. Sveitarsjóður skal og greiða sanngjarna þókuun fyrir hús til fundarhalda og fyrir gerðabók handa nefndinni og önnur ritföng.

4. gr.

52 Kynbótanefndinni skal heimilt að kveðja eigendur hrossa til þess að koma með allar hryssur sínar og graðfola til sýnis á ákveðnum tíma á hentuga staði í hreppnum. Hún skal þar og þá velja, merkja og tilnefna kynbótahryssur og kynbótafola, svo marga sem hún álitur þörf á í hreppnum. Kynbótafola má eigandi hvorki selja nje vana, nema fullnægt sje skilyrðum þeim, sem sett eru í 13. gr. Fólöld undan hinum tilnefndu kynbótahryssum má ekki vana án leyfis kynbótanefndar.

Stuttorð skýrsla um kynbótahrossin, byggingu þeirra, stærð eftir máli, lit og kynferði, að því leyti sem það verður rakið, og um aldur þeirra skal innfærð í gerðabók nefndarinnar.

5. gr.

Fyrir lok árs hvers sendir kynbótanefndin hreppsnefnd í hreppi sínum skýrslu um störf sín. Gerir hún við skýrsluna athugasemdir, ef henni þykir ástæða til og virðist kynbótanefndin eigi hafa fullnægt skyldu sinni. Síðan skal hreppsnefndin senda skýrsluna ásamt athugasemdunum til sýslunefndaroddvita fyrir næsta fund sýslunefndarinnar.

6. gr.

- Hestar til undaneldis skulu sem mest fullnægja eftirfylgjandi skilyrðum:
- a. Að þeir sjeu ekki vanalega getnir af náskyldum foreldrum, svo sem móður og syni, föður og dóttur eða systkinum, og að þeir séu af hraustu og góðu kyni.
 - b. Að þeir sjeu einlitir og af einlitu kyni í báðar ættir og ekki glaseygðir nje af glaseygðu kyni.
 - c. Að þeir séu gervilegir á vöxt, skapmiklir, en lundgóðir, hafi sviphreint höfuð og vel lagadan háls, velbygða og gallalaus fatur og reglulegan fótaborð, gallalaus dökkva hófa, djúpt og vel hvelft brjóst, beint og sterkt bak og stælt vöðva.

7. gr.

Kynbótahryssur skulu að sinu leyti, að því er frekast verður, fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir graðhesta.

8. gr.

Ávalt skulu hestar þeir og hryssur, sem til undaneldis eru valin, vera vel haldin, svo að þau nái sem mestum þroska, og skal kynbótanefnd sjerstaklega hafa eftirlit með meðferð þeirra.

Graðhestar skulu ekki hafðir til undaneldis fyr en þeir eru 3 vetra, og þó því að eins, að þeir sjeu efnilegir og bráðþroska. En nota má þá til kynbóta

svo lengi sem engin afturför er komin í þá að neinu leyti, enda hafi þeir reynst vel til undaneldis.

52
23. maí

Græðhestamæður skulu ekki leiddar fyrir en þær eru 4 vetra.

9. gr.

Allir þeir græðestar, er kynbótanefnd hefir valið, skulu vera í geymslu frá 20. apríl til októbermánaðarloka.

Hreppsnefndir og kynbótanefndir skulu hafa strangt eftirlit með því, að engir græðestar eldri en 1½ árs, hvorki valdir kynbótafolar né aðrir folar ógeltir, gangi lausir innan um hross á afrjettum.

10. gr.

Stóðestar þeir, sem til undaneldis eru ætlaðir það árið, skulu geymdir eftir samráði kynbótanefndar og eiganda á þeim stöðum í hreppnum, er geymsla fæst tryggilegust og haganlegust fyrir þá, er not vilja hafa græðestanna.

Kostnað þann, er leiðir af haldi þeirra, skal hreppsnefnd og kynbótanefnd ákveða og sjá um, að eigendur og geymendur sjeu skadlausir af. Sömuleiðis skulu þær ákveða borgun þá, sem eigendum mera ber að greiða fyrir not græðesta, og má hún eigi minni vera en 1 kr. fyrir hverja hryssu. Að því leyti sem sú borgun hrekkur ekki fyrir kostnaði við hald þeirra, skal greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði. Verði ágreiningur um kostnað þenna milli hlutaðeiganda, skal honum skotið undir sýslunefnd til endilegra úrslita.

11. gr.

Rjett er að fleiri hreppar sjeu í samlögum um geymslu hinna yngri kynbótafola, ef þeim sýnist svo. Og skulu þá hreppsnefndir og kynbótanefndir koma sjer saman um að útvega hentugt haglendi fyrir folana yfir sumarið og afgirða það, ef þörf gerist. Kostnað þann, er af girðingu leiðir, skal greiða úr sveitarsjóði eða afrjettarsjóði hlutaðeiganda hreppa, en eigendur folanna borgi hagatoll.

12. gr.

Kynbótanefnd í hverjum hreppi skal skrifa upp mark, lit og aldur á þeim hestum, er hún hefir valið til kynbóta, merkja þá greinilega marki og tilkynna það kynbótanefndum í nálægum hreppum.

Bannað er að láta græðesta eldri en 1½ árs, sem ekki eru valdir af kynbótanefnd, ganga lausa lengur fram eftir vori en til 1. apríl. Finnist slikur hestur eftir þann tíma á því svæði, er kynbótasamþykkt nær yfir, enda sé hann ekki í fulltryggilegri einangrun, skal hann geltur svo fljótt sem ástæður leyfa á ábyrgð eiganda og því næst seldur sem óskilagrípur án innlausnarfrests. Af andvirði hans skal taka kostnað allan og sekt á hendur eiganda. Verði einhver slikur foli eigi vanaður skapnaðar vegna, skal kynbótanefnd annast um einangrun hans, þar til er honum verður lógað eða ráðstafað á annan fulltryggjandi hátt. Kostnaður við einangrun folans skal greiddur af verði hans.

52

23. maí

13. gr.

Eigendur graðhesta skulu skyldir til eftir áskorun kynbótanefndar, að ljá þá til undaneldis á aldrinum frá 3 til 5 ára, og má því ekki vana þá fyr en um miðjan júnimánuð þegar þeir eru 5 vetra. Þegar kynbótahestur er orðinn 5 vetra og eigandi hans vill selja hann, skal hann skyldur til að gefa samsveitungum sínum kost á að kaupa hestinn því verði, er aðrir bjóða, en vilji þeir ekki sinna kaupinu, má hann selja öðrum hestinn.

14. gr.

Kynbótahross öll skal gera bandvön á unga aldri og ekki síðar en á þriðja ári. Graðhesta skal smám saman úr því venja við fyllri tamningu, eftir því sem tók eru á, svo að þeir venjist hæfilegri áreynslu, en varast skal að ofreyna þá á nokkurn hátt.

15. gr.

Alt nánara eftirlit, er hafa þarf á því að samþykkt þessari sje fylgt, svo sem ráð er fyrir gert í lögum 11. desbr. 1891 og viðaukalögum 20. desbr. 1901 um kynbætur hesta, skal falið hinum kosnu kynbótanefndum og hreppsnefndum.

16. gr.

Sýslumaður skal á manntalsþingum ár hvert grenslast eftir, hvernig samþykkt þessari hefir verið framfylgt í hverjum hreppi, áminna menn að bæta úr því, sem áfátt kann að vera, og koma fram ábyrgð á hendur þeim, er brot hafa framið gegn samþyktinni.

17. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 1 til 50 kr., og fellur helmingur þeirra til uppljóstursmanns, en hinn helmingur í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

18. gr.

Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Samþykkt um kynbætur hesta í Skagafjarðarsýslu frá 5. júní 1899 er hjer með úr gildi numin.

Samþykkt þessi er hjer með staðfest til að öðlast gildi 1. janúar 1908 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 23. maí 1907.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.